



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Konur í Kína

Aðstæður kvenna í Kína

Ritgerð til B.A.-prófs í kínverskum fræðum

Agnes Eir Magnúsdóttir

Maí 2012

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Kínverska

Konur í Kína

Aðstæður kvenna í Kína

Ritgerð til B.A.-prófs í kínverskum fræðum

Agnes Eir Magnúsdóttir

Kt.: 081089-2219

Leiðbeinandi: Jón Egill Eypórsson

Maí 2012

Útdráttur

Viðfangsefni þessarar ritgerðar eru aðstæður kvenna í Alþýðulýðveldinu Kína fyrr og síðar og ætla ég að skoða hvernig þær hafa breyst til batnaðar síðan á tíma keisaraveldanna. Ég tek aðallega fyrir Alþýðulýðveldið Kína, ekki sjálfstjórnarsvæði eins og t.d. Taívan og Hong Kong. Ég fer stuttlega í aðstæður kvenna á tíma keisaraveldanna, það góða við þær og það slæma. Ég ætla að skoða áhrif einbirnisstefnunnar á konur í Kína og fjölskylduna sem hefur svo lengi verið og er ennþá að einhverju leyti miðpunktur samfélagsins. Útburður stúlkubarna hefur lengi verið vandamál í Kína og ætla ég að skoða ástæður þeirra og afleiðingar. Eins fjalla ég um ójafnt kynjahlutfall sem varð til vegna útburðar stúlkna, einbirnisstefnunnar og fleiri þátta.

Þegar kemur að nútímanum þá mun ég skoða skólagöngu kínverskra kvenna og þátttöku þeirra á vinnumarkaðnum og í stjórnmálum. Í lokin mun ég skoða aðstæður kínverskra kvenna í dag og réttindi þeirra og hvernig aðstæður þeirra og réttindi gætu hugsanlega orðið betri í framtíðinni.

Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að aðstæður kvenna í Kína eru mun betri í dag heldur en á tíma keisaraveldanna fornu.

Ég vil einnig benda á það að ég hef sjálf búið um tíma í Kína og kynntist ég þar nokkrum kínverskum konum svo þar með hef ég einhverja sýn inn í aðstæður þeirra og get borið þær saman við aðstæður mínar hér á Íslandi.

Formáli

Mér finnst þetta stóra viðfangsefni um aðstæður kínverskra kvenna vera mjög viðfangsmikið og áhugavert, sérstaklega vegna þess að ég hyggst sjálf flytja til Kína og búa þar um óákveðinn tíma. Ég hef mikinn áhuga á Kína, kínverskri tungu og kínverskum fræðum og finnst mér þess vegna mikilvægt að skilja aðstæður kínverskra kvenna fyrr og síðar.

Ég byrjaði tiltölulega nýlega að læra kínversku. Áhuginn á kínversku kviknaði þegar ég fór með kærasta mínum, Helga Steinari Gunnlaugssyni, til Kína þar sem hann fékk styrk til að fara þangað. Við leigðum íbúð nálægt Ningbo háskólanum og vorum með kínverska stelpu sem meðleiganda. Ég tók strax eftir því hvernig hún hagaði sér allt öðruvísi en stelpur sem ég þekki heima á Íslandi og langaði mig strax þá að kanna ástæðurnar.

Mér finnst mikilvægt fyrir þá sem hafa áhuga á Kína og kínverskum fræðum og ætla ef til vill að búa þar, að skilja hvernig aðstæður kvenna eru öðruvísi í Kína heldur en annars staðar í heiminum. Til að nefna þá er mikill munur á aðstæðum kvenna í Kína og á Íslandi eins og ég hef kynnst í gegnum rannsóknir mínar fyrir þessa ritgerð og dvöl mína í Kína.

Einbirmisstefnan er ókunnug okkur hér á Íslandi og finnst mér hún einstaklega áhugavert viðfangsefni. Þess vegna fjalla ég ef til vill meira um hana en aðra hluti, en mér finnst hún hafa gríðarleg áhrif á núverandi aðstæður kínverskra kvenna.

Líklegast er hægt að skrifa endalaust um aðstæður kínverskra kvenna og þurfti ég því að velja og hafna hvað mér fannst mikilvægt að fjalla um. Ég vona að ritgerðin veiti einhverja sýn inn í aðstæður kvenna í Kína.

Ég átta mig á því að ég nota mikið af netheimildum við skrif þessarar ritgerðar og er ástæðan fyrir því sú að lítið er til af bókum um þetta viðfangsefni. Ég er að skrifa um aðstæður kínverskra kvenna núna og er skiljanlega ekki búð að gefa út mikið af bókum um þær.

Ennfremur þá eru einhverjar af netheimildunum ekki að öllu leyti ritrýndar en finnst mér samt betra að nota þær í ritgerðinni heldur en að sleppa þeim. Ég mun reyna að taka það fram þegar ekki er að öllu leyti um trausta heimild að ræða.

Ég vil þakka Jóni Agli Eypórssyni, leiðbeinenda mínum, fyrir góða leiðsögn við skrif þessarar ritgerðar. Ennfremur vil ég þakka Bryndísi Þóru Þórsdóttur, móður minni, fyrir

prófarkalestur ritgerðarinnar. Ég vil einnig þakka vinum og vandamönnum fyrir góðan stuðning við skrif ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Formáli	3
Efnisyfirlit	5
Inngangur	6
1. Sögulegt yfirlit Kína	8
1.1 Staða kínversku konunnar innan heimilisins	8
1.2 Kínverskar hjákonur	10
1.3 Fótareyringar	10
1.4 Pólítískar umbætur kvenna í Kína	12
2. Ójafnt kynjahlutfall í Kína	15
2.1 Einbirnisstefnan	15
2.1.1 Áhrif einbirnisstefnunnar	16
2.1.2 „Litlu keisararnir“ og „litlu keisaraynjurnar“	17
2.1.3 Fjölgun aldraðra og skortur á vinnuafli	18
2.1.4 Hvernig einbirnisstefnunni er framfylgt og viðurlög við brotum	18
2.2 Útburður stúlkubarna í Kína	19
2.3 „The Care for Girls Plan“	20
3. Þátttaka kínverskra kvenna í stjórnámálum, skólum og á vinnumarkaðnum	22
3.1 Menntun kínverskra kvenna	22
3.2 Þátttaka kínverskra kvenna á vinnumarkaðnum	23
3.3 Þátttaka kínverskra kvenna í stjórnámálum	25
4. Kínverskar konur í dag og réttindi þeirra	27
4.1 Réttindi kínverskra kvenna	27
4.2 Kínverskar konur í dag	28
Lokaorð	30
Heimildaskrá	31

Inngangur

Umfjöllun um aðstæður kvenna í Kína er mjög stórt viðfangsefni, í raun það stórt að ekki er hægt að fjalla ítarlega um allt. Ég mun því fjalla meira um suma þætti heldur en aðra. Aðstæður kínverskra kvenna hafa alltaf verið nokkuð frábrugðnar þeim sem við þekkjum á Vesturlöndunum. Mikilvægt er að að kanna ástæður þess, hvað er öðruvísi og hvernig aðstæður kvenna í Kína hafa breyst til batnaðar síðan á tíma keisaraveldanna.

Markmið þessarar B.A.-ritgerðar er að varpa ljósi á aðstæður kvenna í Kína núna og áður fyrr, hvernig þær eru betri í dag og hvaða áhrif þær hafa haft. Meginrannsóknarspurningin sem leitast verður við að svara er: Hvernig hafa aðstæður kvenna í Kína breyst til batnaðar síðan á tíma keisaraveldanna. Ennfremur verður leitast við að svara spurningunni hvaða áhrif þessar bættu aðstæður hafa haft og hafa ennþá á kínverska samfélagið í heild.

Til að svara þessum spurningum þá tek ég fyrir sögu kvenna í Kína, skoða ýmsar greinar og bækur um aðstæður kvenna í Kína núna og áður fyrr og rannsaka mis ítarlega ýmsar hliðar málsins. Ritgerðin skiptist niður í 4 kafla, nokkra undirkafla innan þeirra, auk lokaorða og heimildaskrár.

Fyrsti kafli heitir *Sögulegt yfirlit Kína* og þar tek ég fyrir sögu kvenna í Kína fyrr og síðar og set hana í samhengi við önnur mál í Kína. Í þessum kafla tek ég m.a. fyrir síðinn fótareyningar sem tíðkaðist í Kína áður fyrr.

Annar kafli heitir *Ójafnt kynjahlutfall í Kína* og þar fjalla ég um ójafna kynjahlutfallið sem er ein af afleiðingum einbirnisstefnunnar, útburðar stúlkubarna og fleiri þátta. Í þessum kafla tek ég einbirnisstefnuna vel fyrir, ástæður hennar, afleiðingar fyrir konur, fjölskylduna og samfélagið í heild. Ennfremur þá mun ég fjalla um stórt vandamál sem hefur hrjáð Kína lengi, útburð stúlkubarna, ástæður þeirra og afleiðingar. Ég mun skoða hvaða áhrif ójafna kynjahlutfallið hefur á konur, fjölskylduna og samfélagið.

Þriðji kafli heitir *Þátttaka kínverskra kvenna í stjórnmálum, skólum og á vinnumarkaðnum*. Þessi kafli er þrískiptur og fjalla ég fyrst um skólagöngu kínverskra kvenna, fjölgun þeirra og af hverju tiltölulega fáar konur ljúka hæstu stigum menntunar. Ég mun jafnframt skoða þátttöku kvenna á vinnumarkaðnum og hvaða störf þær sækjast mest eftir. Þar næst mun ég skoða þátttöku kínverskra kvenna í stjórnmálum og

Kommúnistaflokknum sérstaklega, hvernig konum hefur fjölgað frá stofnun flokksins o.s.frv.

Fjórði kaflinn heitir *Kínverskar konur í dag og réttindi þeirra* og mun ég þar skoða hvaða réttindi kínverskar konur hafa og hvernig þau eru öðrvísi en vestrænna kvenna. Einnig tek ég fyrir hvernig réttindi kínverskra kvenna hafa aukist með árunum. Þar næst mun ég taka fyrir kínverskar konur í Kína í dag og hvaða áskoranir þær munu hugsanlega takast á við í framtíðinni.

Ég enda síðan á *Lokaorðum* þar sem ég tek saman niðurstöður ritgerðarinnar og svara rannsóknarspurningunni í stuttu máli.

1. Sögulegt yfirlit Kína

Hið hefðbundna kínverska samfélag hafði nánast alltaf verið karlaveldi, þar sem karlmenn stjórnðu, synir voru kosnir frekar en dætur og konum var ætlað að víkja fyrir feðrum sínum, eiginmönnum og sonum. Færri konur voru menntaðar og vinsæl lesefni þeirra voru m.a. Nü Xun (女訓, „Advice for Women“) eftir kínverska fræðimanninn Cai Yong (蔡邕) sem var uppi á tíma Austur-Han keisaraveldisins (stóð yfir frá árinu 25 til 220 e.Kr.). Einnig Lienü zhuan (烈女傳, „Biographies of Notable Women“) eftir kínverska fræðimanninn Liu Xiang (劉向) frá svipuðum tíma. Lienü zhuan er bók sem inniheldur upplýsingar um æviágrip 125 fyrirmyndar kvenna í Kína til forna. Bókin er konfúsísk kennslubók sem kenndi konum siðferði. (Wikipedia: The Free Encyclopedia 2012, Women in ancient China; Wikipedia: The Free Encyclopedia 2012, Biographies of Exemplary Women)

Staða og hlutverk kvenna í Kína til forna var mismunandi eftir staðsetningu, tíma og stétt. Konur sem bjuggu í dreifbýli þurftu að vinna að minnsta kosti jafn mikið og menn til þess að ná endum saman í landi þar sem hungur og stríð var daglegt brauð. Það er athyglisvert að kínverska táknið fyrir „konu“ (女) sýnir manneskju sem krýpur eða situr en kínverska táknið fyrir „karl“ (男) sýnir vinnuaflið á ökrunum. Ennfremur er áhugavert að kínverski táknið fyrir „ró/öryggi“ (安) sýnir konu inni í húsi, kínverska táknið fyrir „vandræði“ (媿) sýnir tvær konur og kínverska táknið fyrir „hórdóm“ (姦) sýnir þrjár konur. Þetta sýnir meðal annars það að vinna var mjög snemma kynjaskipt þar sem menn stunduðu landbúnað, dýraveiðar og vinnu utan heimilisins, á meðan konurnar voru inni að undirbúa matinn, hugsa um börnin og sjá um heimilið.

1.1 Staða kínversku konunnar innan heimilisins

Kínversk fornrit, sögur og ljóð (ca. 1000 f.Kr til 200 f.Kr.) benda til þess að staða kvenna var mun lægri en karla, sem kemur kannski ekki á óvart. Hins vegar þá virðast konur á þessum tíma hafa lifað við meira frjálsræði en þær gerðu svo seinna meir. Þar sem fjölskyldan var, og hefur alltaf verið, mjög mikilvæg eining í kínversku samfélagi þá hafa konur ávallt skipað mikilvægan sess þar, þó ekki jafn mikilvægan og karlar. (Geir Sigurðsson 2006)

Munur á lífi kvenna af aðalstéttum samanborið við bændastéttir var alltaf talsverður þar sem konur af aðalstéttum lifðu mun „betra“ lífi. Þær þurftu ekki að vinna jafn mikla erfiðisvinnu, höfðu nóg af mat og þægindum og þar fram eftir götunum. Á móti kom að lág og undirgefin staða kvenna var skýrari innan aðalstéttanna. Það þekktist einnig að aðalsmenn tækju sér fleiri en eina konu og kannski margar og einnig hjákonur og minnkaði þannig mikilvægi hvernar þeirra. Konur af bændastéttunum lifðu við meira jafnræði á heimilum sínum og ólíklegra var að bændur hefðu efni á fleirum en einni konu, hvað þá hjákonum. Þá voru hjónabönd aðalsættanna einnig yfirleitt ákveðin af foreldrum á meðan fólk innan bændastéttarinnar hafði meira val. (Geir Sigurðsson 2006)

Konur í dreifbýli tóku enn fremur stundum þátt í hreyfingum uppreisnarmanna. Konur voru virkar í uppreisnarhreyfingum eins og í Taiping uppreisninni (1850-1864), í Red Spears hreyfingunni (á 3.áratug 20.aldar) og í Boxer uppreisninni (1900). Þó að ríkið hafi stundum reynt að vernda konur þá bauð stefna ríkisins þeim litla vörn. (Bossen 2008, 327)

They could be divorced, although it was nearly impossible for them to divorce; they had no rights to family property, yet they could be pawned or sold. They could not take the imperial exams and were banned from holding office. Their legal status was rather like that of a jural minor; even as adults they remained under the authority of a husband, or if he was dead, a son. If a woman remarried or was divorced, she was likely to lose control of, and even access to, her children. (Watson 1994, 27)

Þrjár „konfúsískar skyldur“ kvenna voru að hlýða föður sem barn, eiginmanni sem eiginkona og elsta syni eftir lát eiginmanns. Konur höfðu lítil sem engin völd innan heimilisins fyrr en þær eignuðust börn, þá helst son eða syni. Dætur voru lítils metnar á þessum tíma og báru fátækar fjölskyldur oft dætur sínar út. Einnig tíðkaðist hjá fátækari fjölskyldum að selja dætur sína sem þræla, vændiskonur eða hjákonur. Um leið og kona eignaðist son þá hafði hún meira um hlutina að segja og var þá meiri virðing borin fyrir henni. (Zang 2008, 307)

Ung hjón fluttu oft inn á fjölskyldu karlsins og lentu þá konurnar oft í smá leiðindum. Konan varð þá að einhvers konar þernu og þurfti að hlýða tengdamömmunni, allavega þangað til þau flyttu í eigið húsnæði eða konan eignaðist son. Ef eiginkona þóknaðist ekki eiginmanni sínum eða tengdamóður þá var hægt að skila henni

til foreldra hennar og í efnahagslegri neyð var hægt að leigja hana út eða selja hana. (Zang 2008, 308)

1.2 Kínverskar hjákonur

Í gegnum aldirnar var algengt að kínverskir karlar tækju sér konu og kannski hjákonur líka. Fyrir stofnun Alýðuveldisins Kína árið 1949 var löglegt að eiga konu og margar hjákonur innan hins kínverska hjónabands. (Wikipedia: The Free Encyclopedia, Women in ancient China 2012)

Í Kína til forna tóku aðalsmenn oft nokkrar eða jafnvel margar hjákonur, á meðan keisarar tóku sér þúsundir. Meðferð á hjákonum og aðstæður þeirra var í samræmi við félagslega stöðu karlanna sem þær voru með og einnig eiginkvenna þeirra, þar sem staða hjákvennanna var ávallt lægri en staða eiginkvennanna. Þó að hjákonur gætu fætt aðalsmönnum eða keisurum erfingja þá var staða barna þeirra ávallt lægri en staða barna eiginkvennanna. Að sögn voru hjákonur stundum grafnar með manningum þegar hann dó til að halda honum félagsskap eftir dauðann. (Beijing Made Easy 2012)

Þrátt fyrir lága stöðu hjákvenna í Kína til forna þá eru til dæmi um hjákonur sem náðu miklum völdum og höfðu talsverð áhrif. Keisaraynjan Cixi (慈禧太后) var að öllum líkindum ein af frægustu og valdamestu hjákonum í sögu Kína. Cixi byrjaði sem hjákona keisarans Xianfeng (咸豐帝) og ól eina eftirlifandi son hans, sem varð svo keisarinn Tongzhi (同治帝). Hún varð svo hinn raunverulegi stjórnandi Manchu Qing keisaraveldisins (清朝) í 47 ár eftir dauða sonar síns. (Spence 1999, 192-705)

1.3 Fótareyringar

Fegurð í Kína til forna tengdist oft hugmyndinni um auð og þeirri staðreynd að konan þurfti ekki að vinna. Þegar feitar konur þóttu fallegastar var það af því að þær höfðu meira en nóg að borða og þurftu ekki að vinna. Það að hafa hvíta húð þótti einnig mjög fallett og var merki um auð, þar sem hvíta húðin sýndi fram á að konan þurfti ekki að vinna á ökrunum. Það er mögulegt að einn af grimmustu siðum Kínverja, fótareyringar, megi rekja til svipaðra þátta. Ekki var hægt að búast við því að kona sem gat varla gengið færi að vinna á ökrunum. (Walsh 2007)

Fótareyringar eiga rætur sínar að rekja til 9.-10. aldar og er þessi siður líklega kominn frá búddískum dönsurum. Fótareyringar hófust við fjögurra til sex ára aldur á meðan beinin voru ennþá mjúk. Hafist var handa að hausti til svo kuldi vetrarins gæti

nýst til deyfingar. Þetta var að öllum líkindum ótrúlega sárt, tók um tvö ár og endaði með brotinni rist og varanlegri fötlun. Eins safnaðist auðveldlega skítur á þessu svæði og það hefur verið vond lykt af því. (Geir Sigurðsson (2011, mars). Staða kvenna fyrr og nú. *Kennslustund*. Fyrirlestur haldinn við Háskóla Íslands, Reykjavík, Íslandi; Wikipedia: The Free Encyclopedia 2012, Foot Binding)

Margar ástæður hafa verið fundnar fyrir þessum sið, svo sem fagurfræðilegar, enda þótti þetta einstaklega fallegt á þessum tíma. Einnig skiptu pólitískar, menningarlegar og kynferðislegar ástæður máli. Til eru sögur af eiginmönnum sem sleiktu tærnar á konunum sínum, þeim fannst þetta svo „sexy“. Fætur sumra stráka voru einnig bundnir, þá yfirleitt þeirra sem áttu að stunda leiklist, vændi eða þess háttar. (Hansen 2000, 286-289)

Þrátt fyrir óþægindin sem fylgdu fótareyringum þá eru til sögur af konum sem voru ekki með bundna fætur og kvörtuðu hástöfum yfir því að þurfa að ganga í gegnum lífið með „stóra trúðafætur“ og vinna fyrir sér sjálfar á ökrunum. (Walsh 2007)

Langan tíma tók að stoppa fótareyringarnar. Fyrst var reynt að stoppa þær á 17.öld en það gekk ekki. Hinn ástsæli Sun Yat-sen (孫逸仙), einn af feðrum kínverska lýðveldisins, bannaði svo fótareyringar með stofnun lýðveldisins 1911. 4.maí hreyfingin árið 1919 hafði síðan talsverð áhrif þar sem ungt fólk barðist fyrir réttindum sínum. Kommúnistaflokkurinn bannaði einnig fótareyringar árið 1949 og er talið að engin ný dæmi hafi komið fram eftir 1957. Samt sem áður eru nærri milljón konur með reyrða fætur í dag. (Geir Sigurðsson (2011, mars). Staða kvenna fyrr og nú. *Kennslustund*. Fyrirlestur haldinn við Háskóla Íslands, Reykjavík, Íslandi; Wikipedia: The Free Encyclopedia 2012, Foot Binding)

Árið 2007 var tekið viðtal við hóp aldraðra kvenna í Kína sem voru með reyrða fætur. Fætur þeirra höfðu verið bundnir í æsku þrátt fyrir bann á því. Ástæða þess var einfaldlega sú að fjölskyldur þeirra héldu að þær gætu ekki fundið sér eiginmann ef fætur þeirra voru ekki bundnir. Þessi vansköpun á fótum þeirra gerði það að verkum að þær áttu og eiga erfitt með vinnu og að styðja fjölskyldur sína á vissan hátt. Þetta er nákvæmlega það sem Kommúnistaflokkurinn vildi stoppa þegar þeir bönnuðu fótareyringar. (Dehoff 2012)

1.4 Pólítískar umbætur kvenna í Kína

Pólítískar breytingar voru kynntar af Kommúnistaflokknum þegar hann tók við árið 1949. Þeir skuldbundu sig til að bæta stöðu kvenna sem liður í aðgerðum þeirra til að efla samfélags- og efnahagslegt jafnrétti. (Bossen 2008, 323) Árið 1949 var „The All-China Women’s Federation“ stofnað til þess að vera málsvari kvenna, vernda réttindi og hagsmuni kvenna og stuðla að jafnrétti á milli karla og kvenna. Þetta er fjölþætt stofnun með svæðisbundnum samtökum kvenna og meðlimum á öllum stigum ríkisstjórnarinnar. (Spence 1999, 496)

Kommúnistabyltingin setti fram áætlanir að því marki að breyta Kína í átt að jafnara samfélagi og stuðla að framþróun. Leiðtogar byrjuðu á því að breyta kerfi eignaréttá, hjónabandsréttindum og vinnuréttindum. Ráðstafanirnar voru jákvæðar að vissu marki, en valdið var samt áfram í höndum karlanna. Árið 1950 voru sett á stofn ný hjónabandslög þar sem konur voru taldar með sem meðlimir heimilisins en þær máttu samt ekki eiga land. Löggin stefndu einnig að því að afnema skipulögð hjónabönd, barnahjónabönd, fjölkvæni og að koma því þannig fyrir að hjónabönd væru frjáls samningur. Skilnaðir voru einnig leyfðir samkvæmt lögnum. Þessi lög máttu mikilli andstöðu, þó meiri af hálfu karlanna. (Bossen 2008, 333)

Kommúnistaflokkurinn hélt því fram að konur yrðu að vinna utan heimilisins til þess að eiga möguleika á jafnrétti. Á sjötta áratug síðustu aldar var ýtt á konur að fara út af heimilunum og á vinnumarkaðinn. Í suður hluta Kína hafði þetta lítil áhrif þar sem konur voru þá þegar byrjaðar að taka þátt í vinnu utan heimilisins. En á svæðum þar sem menn voru óvanir því að sjá konur vinna við t.d. landbúnað þá var þeim á einhvern hátt ógnað. En það að konur gátu hjálpað til, minnkaði aftur á móti álagið á körlunum. (Bossen 2008, 334)

Jafnvel þótt Kommúnistaflokkurinn vildi bæta stöðu kvenna þá tók hann ekki tillit til þess hversu erfið heimilisstörf kvenna gátu verið. Þó að konur væru komnar út fyrir heimilið og ynnu svipaða vinnu og karlmenn, þá þýddi það ekki að þeir ættu endilega að hjálpa til við heimilisstörfin. Þetta leiddi til þess að vinnuálag kvenna jókst, því að heimilisstörfin lentu á þeirra herðum eftir langan vinnudag. (Bossen 2008, 335)

Byltingarleiðtogar Kína leituðust við að hafa konur með í umræðunni um þróun með því að leggja áherslu á menntun, atvinnuþátttöku kvenna og betri hjónabönd. Miðað við þvinganirnar sem konur höfðu lent í áður, þar sem hvorki ríkið né fjölskylda þeirra var skuldbundið til að meðhöndla þær sem einstaklinga, þá högnuðust þær líklega

allar. Fleiri konur eru nú menntaðar og vinna utan heimilisins. Þetta eru jákvæðu hliðar umbótanna. Hvað varðar neikvæðu hliðarnar, þá hafa hefðir feðraveldisins viðhaldist. Ein af ástæðunum fyrir því er sú að yfirvöld virðast styðja forystu karlmanna. (Bossen 2008, 348)

Hér að neðan kemur útskýring á feðraveldi fyrir þá sem ekki eru klárir á því hvað það er.

Feðraveldi er félagslegt kerfi sem byggir á yferráðum föðursins eða karlsins. Uppruni kerfisins er stundum rakinn til fornsögulegs tíma, til akuryrkju- og landbúnaðarsamfélaga um 4000 f.Kr., út frá þeirri hugmynd um verka-skiptingu að karlar hafi séð um veiðar en konur alið börn og gætt heimilisins. Þannig megi rekja valdakerfið til líkamlegra yfirburða karlsins. ... Innan kynjafræði er litið á feðraveldið sem kerfi er hyglir karlmönnum og karlmennsku og skapar konum og kvenleika lægri sess í samfélaginu. Þetta birtist á margan máta, til dæmis í launamismuni kynjanna, ofbeldi gegn konum, lágu hlutfalli kvenna í valdastöðum og takmörkuðum tækifærum kvenna til atvinnutækifæra eða áhugamála á sviðum sem eru talin karlasvið. (Wikipedia: The Free Encyclopedia, Feðraveldi 2012)

Til samanburðar þá er hér skilgreining alfræðiorðabókar á feðraveldi:

ættfeðrastjórn: félags- eða fjölskylduform þar sem öll völd eru í höndum karla. Talið er að algjört *f* hafi aldrei verið til en rómv. samfélag hafi komist næst því. Í föðurættarsamfélagi, þar sem ættir eru raktar í karlegg, má vanalega greina merki um *f*. (Íslenska Alfræðiorðabókin (A-G) 1992)

Að karlar hafi ráðið öllu er söguleg hefð í Kína og er innbyggt í kínverska menningu og kínverskar stofnanir og því er ekki auðvelt að breyta. Fyrstu tvo og hálfra áratuginna sem umbætur ríkisins stóðu yfir var talað um jafnrétti kynjanna. Eftir dauða Mao Zedong (毛泽东) árið 1976 þá minnkaði áhersla almennings á jafnrétti. Frá upphafi umbóta árið 1978 hefur verið áhyggjuefni að gömlu feðraveldis siðirnir og misnotkun kvenna komi aftur upp á yfirborðið. Gagnrýnendur hafa sýnt fram á viðvarandi uppbyggingu misréttis og slæma meðferð á konum í fjölskyldum Kína og í kínverska samfélaginu almennt. (Bossen 2008, 324)

Sumar þjóðir hafa íhugað að taka sjálfskipað átak Kína til að „frelsa“ konur til fyrirmyndar. Þeir sem eru hlyntir áætlunum kínverskra stjórnvalda í að bæta aðstæður kvenna leituðu upphaflega til Kína fyrir innblástur og að merkjum um velgengni. Efasemdamenn og gagnrýnendur ríkisstjórnar Kína leituðu hins vegar að merkjum um árangur eða mistök. Síðan á 9.áratug síðustu aldar hefur meiri opnun Kína leitt til betra mats á árangri kvenna. (Bossen 2008, 323-324)

Þegar borið er saman umbótatímabilið og fyrri byltingartímabil, þá er ljóst að ríkið hefur dregið úr viðleitni sinni hvað varðar aukna þátttöku kvenna á vinnu-
markaðinum, í stjórnámálum og í menntun. Fáar konur eru í mikilvægum stjórn mála-
stöðum. Þær eru oft einskorðaðar við stöður sem eru áhrifaminni, t.d. sem einbeita sér
að konum, heilsu og menntun. Aðgangur að menntun hefur batnað en það er samt
kynjamunur í æðri menntun. Flestar konur vinna utan heimilisins, en kynjamisrétti á
milli atvinnugreina og í stigum launa er mikill. Konur eru enn þvingaðar af
hefðbundnum skyldum til þess að sinna börnum og stunda heimilisstörf. (Bossen 2008,
349)

2. Ójafnt kynjahlutfall í Kína

Kynjahlutfallið í Kína hefur skekkst síðan einbirnisstefnan var sett á laggirnar árið 1979 og er nú í kringum 118:100, karlmönnum í vil. Ástæður skekkjunnar eru margar, til að nefna einbirnisstefnan, útburður stúlkubarna, ættleiðingar stúlkubarna, drukknun stúlkubarna við fæðingu, valfóstureyðingar o.fl. (Zhang 2006, 45-46)

Þetta ójafna kynjahlutfall endurspeglar kynjamisrétti í garð stúlkna sem hefur lengi viðgengist. Kynjamisréttið er ekki eins slæmt í dag, en fyrirfinnst þó ennþá sums staðar. Þetta ójafna kynjahlutfall er einnig merki um vanhæfni ríkisstjórnarinnar að koma á fót jafnrétti kynjanna. Ríkisstjórnin viðurkennir hins vegar vandamálið og það að þörf sé á að taka á því með festu. (Bossen 2008, 337)

Stóra spurningin er nú samt hvað verður um afganginn af drengjunum, þ.e. þá sem finna sér ekki kvonfang? Til að bæta gráu ofan á svart, þá hafa kínverskar stelpur sýnt áhuga á útlendingum en erlendar stelpur hafa ekki sýnt mikinn áhuga á kínverskum drengjum. Ef hluti kínverskra kvenna giftist útlendingum eða flytur erlendis í leit að frægð og frama, þá verður mikið af einhleypum karlmönnum eftir í Kína. Þetta hefur skiljanlega mikil áhrif á fjölskyldur, hjónabönd og samfélagið í heild.

Ef litið er á björtu hliðarnar fyrir karlmennina þá er afstaða til samkynhneigðar að breytast, ef einhverjir hafa áhuga á því. Samkynhneigð er samt sem áður ennþá óvinsælt umræðuefni í Kína. Þess má geta að árið 2001 hættu Kínversku Geðsjúkdóma-samtökin að skilgreina samkynhneigð sem geðröskun. (Zang 2008, 313)

2.1 Einbirnisstefnan

Kommúnistaflokkurinn setti á fót einbirnisstefnuna árið 1979 til að reyna að stjórna gríðarlegri fólksfjölgun síðastliðinna áratuga. Stefnan segir að hver hjón megi aðeins eignast eitt barn. Stefnunni er eingöngu beint að Han þjóðarhópnum, sem er 92% íbúafjöldans. Einbirnisstefnan hefur hins vegar ekki náð að festa sér rætur alls staðar, hún nær aðeins til um 35% íbúa Kína, þ.e.a.s. um 35% íbúa Kína mega aðeins eignast eitt barn. Svo mega 52,9% íbúa eignast annað barn ef það fyrsta var stúlka. Stefnan nýtur samt sem áður stuðnings almennings. (Wang Feng 2005)

Taka skal fram að einbirnisstefnan er ekki einungis stefna í áttina að einu barni. Í þéttbýli má þar, þar sem báðir aðilar eru sjálfir einkabörn eiga tvö börn. Þör úr minnihlutahópum mega eignast tvö eða fleiri börn. Í dreifbýli mega þör í flestum

héruðum eignast annað barn ef fyrsta barnið var stelpa. Í Yunnan, Qinghai, Ningxia, Xinjiang og Hainan mega pör í dreifbýli eignast tvö börn. Engar takmarkanir á barnaeignum eru í Tibet. (Zhang 2006, 39)

2.1.1 Áhrif einbirnisstefnunnar

Áhrif einbirnisstefnunnar eru gríðarleg, bæði góð og slæm. Þegar kemur að neikvæðu áhrifunum má nefna það að þrýstingurinn á það að eignast strák varð mjög mikill og útburður stúlkubarna jókst. Einnig jukust ættleiðingar stúlkubarna og valfóstureyðingar eftir að stúlkubarn var greint. Kyngreining fósturs hefur verið bönnuð síðan árið 2003 til að koma í veg fyrir þetta. (China.org 2003) Misjafnt er eftir staðsetningu hversu strangt er farið eftir ákvæðum einbirnisstefnunnar og þar sem harðast er tekið á málunum sjást tilvik um þvingaðar fóstureyðingar og þvingaðar ófrjósemisaðgerðir. (Geir Sigurðsson (2011, mars). Staða kvenna fyrr og nú. *Kennslustund*. Fyrirlestur haldinn við Háskóla Íslands, Reykjavík, Íslandi) Eitt af mörgum sláandi dæmum um þetta mál er af konu sem var neydd til að fara í fóstureyðingu þegar hún var komin 8 mánuði á leið. Þetta er tiltölulega nýlegt dæmi, en þetta gerðist árið 2010. Konunni var haldið niðri og barnið sprautað með banvænu lyfi. Konan þurfti svo að fæða hið dána barn. (Goodenough 2010)

Samkvæmt tölum frá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO) frá árinu 1999 þá fremja 14,8 konur af hverjum 100.000 sjálfsmorð árlega í Kína. Samkvæmt reikningum mínum þá gera það um 272 konur að meðaltali á dag. Til samanburðar þá fremja 250 karlar að meðaltali í Kína sjálfsmorð á dag. Þessi skelfilega tölfræði gæti tengst andlegri vanlíðan og líkamlegum áverkum þvingaðra fóstureyðinga og þvingaðra ófrjósemisaðgerða. (WHO 2012)

Hvað varðar góð áhrif einbirnisstefnunnar þá eru konur ekki jafn einskorðaðar við heimili sín eins og áður. Þær þurfa nú aðeins að sjá um eitt barn í stað nokkurra og geta þannig menntað sig betur og farið út á vinnumarkaðinn. Sumum konum finnst einbirnisstefnan tryggja stöðu þeirra og virkar stefnan þannig sem eins konar stuðpúði gegn kröfum feðraveldis um stórar fjölskyldur. Ef konur vildu aðeins eitt eða fá börn áður fyrr þá þvingaði fjölskylda þeirra þær oft til að eignast fleiri. Rannsóknir á viðhorfum kvenna til einbirnisstefnunnar sína fram á að margar þeirra vilja ekki fara aftur út í það að eignast mörg börn. Þeim finnst einbirnisstefnan einnig veita þeim meira sjálfstæði. (Bossen 2008, 349)

Sumir sérfræðingar eru á þeirri skoðun að einbirtisstefnan sé mikilvæg fyrir vöxt Kína. Ma Li (马力) aðstoðarforstjóri íbúafjölda- og þróunarrannsóknarstofnunar Kína (中国人口与发展研究中心), sagði í viðtali að einbirtisstefnan gæti hjálpað Kína í að stemma stigu við skorti á auðlindum og umhverfismengun. (gb times 2011)

Kína er frábrugðið Vesturlöndum hvað varðar hefðir innan fjölskyldunnar, hjónabönd, kynferði og fleira. Í flestum samfélögum spilar fjölskyldan mjög stórt hlutverk, en hvernig hún er uppbyggð er mismunandi. Fjölskyldubygging í Kína hefur breyst mikið í gegnum árin. Til að byrja með þá voru flestar fjölskyldur stórar. Í dag eru kjarna-fjölskyldur mun algengari, sérstaklega í stórborgum. Einbirtisstefnan er ein af ástæðunum fyrir þessu, ásamt efnahagslegum- og pólitískum umbótum. (Zhang 2008, 299)

2.1.2 „Litlu keisararnir“ og „litlu keisaraynjurnar“

Einbirtisstefnan hefur leitt af sér heila kynslóð af ofdekrúðum einkabörnum, oft kölluð „litlu keisararnir“ eða „litlu keisaraynjurnar“. Bæði foreldrarnir og börnin ætlast til mikils af hverjum öðrum. Börnin hafa tilhneigingu til að vera heimtufrek og fá oftast allt sem þau vilja, ef þeim gengur vel í skóla og í tómstundum. Börnin eru sömuleiðis undir mikilli pressu frá foreldrum sínum. Kína er einnig fjölmennasta land í heimi og er samkeppni því mikil. Foreldrar setja börnin sín í aukatíma, pressa á þau að læra í tíma og ótíma og umbuna þeim ef þeim gengur vel. Þessi kynslóð hefur verið gagnrýnd sem ósjálfstæð og frumkvæðalítill vegna þess hve mikið börnunum er sagt hvað þau eiga að læra og gera. Þau skortir því tækifæri til nýsköpunar og sjálfstæðra vinnubragða. Pressan er gríðarleg og eru sjálfsvíg tíð á meðal ungs fólks. (Chandler 2004)

Ein af dökku hliðum efnahagsumbótanna frá árinu 1978 er sú að minni umhyggja er nú lögð í garð aldraðra. Breytingar samfélagsins og einbirtisstefnan hafa gert það að verkum að ungt fólk einbeitir sér í sífellt meira mæli að eigin lífi frekar en foreldrum sínum. Eitt sláandi dæmi um þetta má sjá í heimildarmyndinni „Of Mothers and Daughters“ þar sem níu barna faðir er sendur á elliheimili. Ekkert barna hans býðst til þess að taka hann að sér, þau hafa hvorki tímann né viljann til þess. Þetta hefði ekki gerst í Kína fyrir nokkrum áratugum. Þá var það talið samfélagsleg skylda barna að hugsa um foreldra sína. (Zheng 2010)

2.1.3 Fjölgun aldraðra og skortur á vinnuafli

Einbirnisstefnan hefur gert það að verkum að eldra fólki í Kína fer fjölgandi og segja spár að í kringum 2050 verði líklega 30% af íbúafjöldanum yfir sextugt. Þetta gæti haft sín áhrif á kínverska efnahaginn og hugsanlega hægt á vexti hans þar sem minna af fólki verður til staðar til að sinna honum miðað við áður, og miðað við fjölda aldraðra sem þarf að hugsa um. (Banister, Bloom og Rosenberg 2010)

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Kína í apríl 2011 þá var íbúafjöldi Kína 1,3339 milljarðar á meginlandinu, sem er aukning upp á 79 milljónir á tíu árum. 13,26% íbúafjöldans er nú yfir 60 ára. Samfélagsþróuninni er ógnað af þessari fólksfjölgun því hún gæti falið í sér skort á vinnuafli. Könnun leiddi það í ljós að 70% yfirmanna fyrirtækja sögðust eiga erfitt með það að ráða starfsmenn. Þessar tölur hafa hækkað frá því í eldri könnunum. Wu Yaowu, rannsakandi við Félagsvísindaháskólann, sagði í viðtali við People's Daily að þessi skortur á vinnuafli muni líklega halda áfram og að án nægilegs vinnuafls muni hægja á hagvexti Kína og að endingu muni heildarframleiðslan skerðast. (gb times 2011)

2.1.4 Hvernig einbirnisstefnunni er framfylgt og viðurlög við brotum

Það er mismunandi eftir héruðum hvernig tekið er á þeim sem brjóta á lögum einbirnisstefnunnar. Til að tryggja að einbirnisstefnunni sé framfylgt er þeim embættismönnum sem sjá um stefnuna í hverju héraði launað fyrir vinnu sína. Samkvæmt vefnum „All Girls Allowed”, sem er að vísu ekki hlutlaus vefur, þá eru allt að 300.000 embættismenn sem vinna við að framfylgja einbirnisstefnunni í Kína og allt að 92 milljónir manns sem hjálpa við framkvæmdirnar. Embættismennirnir fá fjárhagsstuðning frá ríkisstjórninni til að mæta kvótum fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða. Þetta leiðir oft til yfirgangs og þvingana. Búið er að koma í veg fyrir að minnsta kosti 400 milljón fæðingar. (All Girls Allowed 2012) Til að bera þessar tölur saman við áreiðanlegri heimildir þá segir grein frá Asia Pacific að um 300.000 embættismenn vinni við að framfylgja einbirnisstefnunni í Kína og að um 92 milljónir aðrir hjálpi einnig við framkvæmdirnar. (Wang Feng 2005)

Alvarlegar sektir ríkisstjórnarinnar gera það að verkum að konur og fjölskyldur þeirra eiga erfitt með valið á milli þess að gangast undir óæskilegar fóstureyðingar eða verða ef til vill fyrir yfirþyrmandi fjárhagslegum erfiðleikum. Einnig tók ég af vefnum „All Girls Allowed“ upplýsingar um dæmi um það hvað þessir embættismenn gera.

Samkvæmt síðunni þá eru leggöng kvenna á dreifbýlissvæðum til dæmis skoðuð reglulega til að athuga hvort að þær hafi nýlega fætt barn. Einnig eru gerð þungunarpróf á giftum konum og er eftirlit með konum almennt mjög mikið. Sektir við brotum á lögum einbirtisstefnunnar geta verið allt að 10.000 yuan (元) sem er allt að 200.000 kr. Þetta er sekt ef kona neitar að fara í fóstureyðingu. Í sumum stöðum í Kína eru konur þvingaðar í fóstureyðingu ef upp kemst um brot á lögnum. (All Girls Allowed 2012)

Þegar lögregla fjölskylduskipulagsnefndarinnar (The Family Planning Police) framkvæmir ófrjósemisagerðir á konum fyrir það að brjóta lög einbirtisstefnunnar þá eru þessar aðgerðir yfirleitt ekki framkvæmdar af kvensjúkdómalæknum, allavega ekki í dreifbýli. Oft fylgja aðgerðunum sýkingar og aðrir fylgikvillar. (All Girls Allowed 2012)

2.2 Útburður stúlkubarna í Kína

Í aldaraddir hefur það tíðkast í Kína að börn, og þá langoftast stúlkubörn, hafi verið borin út. Þetta var mun algengara á fyrri öldum en jókst síðan á nýjan leik þegar einbirtisstefnan var sett á laggirnar. Þetta viðgengst ennþá og þá oftast hjá fátækum fjölskyldum. Ástæður útburðanna eru ýmsar og má þar nefna fátækt, þrýsting á þör að eignast son, veikindi eða fötlun barna o.s.frv. (Spence 1999, 590)

Grundvallarástæður útburða stúlkubarna áður fyrr liggja í þeirri hefðbundnu hugmynd að börnin þurfi að styðja foreldra sína þegar þau verða gömul og þá er karlmaður yfirleitt talinn vera betri kostur. Einnig voru strákar frekar kosnir til að halda uppi fjölskyldunafninu sem og heiðri fjölskyldunnar. Stúlkurnar voru giftar inn í aðrar fjölskyldur og ef fjölskyldan eignaðist aðeins stúlkur þá þurfti að losa sig við eitthvað af þeim strax vegna fjárhagslegra erfiðleika. (Zhang 2006, 46)

Ef þar dauðlangar í son en eignast stelpu þá er það líklegt til að reyna aftur þrátt fyrir lög in í Kína sem fylgja einbirtisstefnunni. Samkvæmt vefnum „All Girls Allowed” þá fá börn, oftast stelpur, sem fædd eru utan kvóta fjölskyldunnar og fjölskyldan ákveður að fela, ekki búsetuskráningu (hukou, 户口). Án þeirra hafa þau ekki aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun og öðrum öryggismálum. Fátækustu fjölskyldunar hafa ekki efni á því að halda barninu, stúlkunni, og eru útburðir og barnsmorð þá algengustu aðgerðirnar. (All Girls Allowed 2012) Samkvæmt heimildum frá China Daily frá árinu 2010 þá var ríkisstjórnin að taka manntal af þjóðinni og gaf til kynna að annað barn þá gæti sótt um búsetuskráningu. Það að neita börnum um

búsetuskráningu er í ósamræmi við stjórnarskrá Kína, sviptir þau ríkisborgararétt sínum og brýtur á rétti þeirra til jafnréttis. (China Daily 2010)

Af þeim börnum sem borin eru út, af þeim sem deyja ekki og er bjargað, þá lendir einhver hluti auðvitað á munaðarleysingjaheimilum. Nú til dags er reynt að koma stúlkubörnum sem eru borin út til ættleiðingar. Sem dæmi þá ættleiddi sambýliskona föður míns stúlku frá Wuhan sem hafði verið skilin eftir á götunni fyrir utan spítala. (Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir, munnleg heimild, 24.mars 2012) Ef maður hugsar út í það hvað það er mikið af stúlkubörnum í Kína sem vantar heimili þá finnst mér að ættleiðingarferlið ætti ekki að vera jafn kostnaðarsamt og það er, en ég hef heyrt að það sé gríðarlega dýrt.

Ungbarnadauði tengist að sjálfsögðu einnig útburði stúlkna, því einhver hluti þeirra sem bornar eru út deyr. Nýlegar tölur frá árinu 2012 setja Kína númer 111 í heiminum á lista yfir algengi ungbarnadauða. Á þessum lista má nefna það að Afganistan er númer eitt og Ísland númer 215. Tala Kína er nálægt Taílandi (númer 108) og Sádi-Arabíu (112). Það mætti auðvitað bæta þessar tölur og það að berjast á móti útburði stúlkubarna væri góð byrjun. (The World Factbook 2012)

2.3 „The Care for Girls Plan“

Kínverjar settu á stofn áætlun sem kallast „The Care for Girls Plan“ og hefur þessi áætlun dreifst á landvísu. Íbúafjölda- og fjölskylduskipulagsnefndin (The State Population and Family Planning Commission, 国家人口和计划生育委员会) ákvað að keyra þessa áætlun í gang árið 2003. Verið er að gera tilraunir með þessa áætlun í mörgum sýslum og héruðum og spurning hvort niðurstöður leiði til frekari framkvæmda. (Zhang 2006, 44)

Að baki þessarar áætlunar liggur ójafna kynjahlutfallið á milli karla og kvenna í Kína. Niðurstöður úr fimmta árlega manntalinu frá árinu 1995, gáfu til kynna að hlutfallið á milli nýfæddra drengja og nýfæddra stúlkna hafði hækkað í 116,92, sem er 5,6% hærra tala en var í fjórða manntalinu frá árinu 1990. Samkvæmt könnun sem gerð var árið 2005 og náði yfir 1% íbúafjöldans þá hafði talan hækkað í 118,58. Í fimm héruðum var hlutfallið komið upp í allt að 130. (Zhang 2006, 44-45)

Tölur frá „The Care for Girls Plan“ áætluninni sýna að í meira en þriðjungu af þeim sýslum og borgum þar sem áætlunin var sett í gang hafi náðst árangur. Ýmsar félagslegar- og efnahagslegar stefnur hafa verið settar í gang til að hjálpa þeim

fjölskyldum sem hafa aðeins eignast stúlkur. Stefnurnar hjálpa fjölskyldum sem eiga erfitt, hjálpa þeim við daglegt lífni og að ala upp börnin sín, svo þær geti betur komist af. (Zhang 2006, 47)

Á þeim svæðum þar sem kynjahlutfallið er mjög ójafnt, þurfa ýmsar opinberar stofnanir að framfylgja mjög ströngu eftirliti. Má þar nefna starfsmenn fjölskylduskipulagsnefndar, heilbrigðisstofnanir, heilsugæslustöðvar í einkaeign og lyfjafyrirtæki. Ómskoðanir eru undir mjög ströngu eftirliti og ný lög hafa verið sett á stofn til að koma í veg fyrir og refsa ólöglegri starfsemi, svo sem próf til að bera kennsl á kyn fósturs, fóstureyðingar, druknanir stúlkubarna, rán stúlkubarna og mannsal á stúlkubörnum. (Zhang 2006, 47)

Á seinni hluta ársins 2004 og fyrri hluta ársins 2005 bentu niðurstöður í ákveðnum sýslum í Kína til þess að hlutfallið á milli nýfæddra drengja og stúlkna sé að lagast og árið 2006 hóf Íbúafjölda- og fjölskylduskipulagsnefndin áætlunina um allt Kína. Markmiðið var að minnka þetta ójafna kynjahlutfall fyrir árið 2010 og vonandi koma á eðlilegu kynjahlutfalli fyrir árið 2015. (Zhang 2006, 48)

Manntal frá árinu 2010 bendir til þess að „The Care for Girls Plan“ áætlunin sé ekki að ganga nógu vel. Hlutfallið stóð þá í 118,06, þar sem konur voru 48,73% íbúafjöldans á meðan karlmenn voru 51,27%. Í flestum Vestrænum löndum stendur hlutfallið í 105:100, karlmönnum í vil. (Wang Guanqun 2011)

Samkvæmt skýrslu Íbúafjölda- og fjölskylduskipulagsnefndar þá munu árið 2020 vera 30 milljón fleiri karlmenn en konur í Kína. Þetta mun líklega leiða af sér mikinn félagslegan óstöðugleika. (BBC NEWS 2007)

3. Þátttaka kínverskra kvenna í stjórnámum, skólum og á vinnumarkaðnum

3.1 Menntun kínverskra kvenna

Aðgangur að menntun hefur aukist mjög í Kína og þá sérstaklega hvað stúlkur varðar. Af þeim frumvörpum sem Kommúnistaflokkurinn hefur lagt fram þá mun líklega eitt af þeim minnst umdeildu hafa mestu áhrifin. Þetta er stefnan sem stuðlar að jafnri menntun fyrir stúlkur og lengri grunnskólamenntun á dreifbýlisvæðum. Fleiri konur eru núna menntaðar og vinna fyrir utan heimilið. Ef við berum Kína saman við önnur landbúnaðarsamfélög í heiminum þá gengur því vel að efla menntun kvenna. (Bossen 2008, 335)

Fyrir stofnun Alþýðuveldisins Kína árið 1949 voru yfir 80% kínverskra kvenna ólæsar. (Bossen 2008, 335). Um 2007 var talan komin niður í 12,4%. Hong Kong er ekki tekið með í þessari tölfræði, en þar er ólæsi kvenna 9,5%. Þau lönd sem eru hvað næst Kína hvað varðar ólæsi kvenna eru Simbabve þar sem ólæsi kvenna er 12,8% og Brunei þar sem ólæsi kvenna er 11,5%. Til samanburðar þá er um 1% kvenna á Íslandi ólæsar, 1% í Bandaríkjunum, 1% í Japan og 7,7% í Víetnam. Neðst á listanum er svo Afghanistan en tölur frá árinu 2000 segja ólæsi kvenna þar vera 87,4%. (NationMaster 2012)

Þó að aðgangur að menntun hafi sennilega aukist er samt kynjamismunur hvað varðar æðri menntun. Mun fleiri karlar en konur stunda nám í háskólum. Flestar konur vinna utan heimilisins, en kynjamismunur hvað varðar atvinnugreinar og laun er mikill. Konur eru ennþá undir þrýstingi frá þjóðfélaginu hvað varðar skyldur til að sinna börnum og heimili. (Bossen 2008, 349)

Sumar konur kjósa að mennta sig minna og eyða orku sinni og tíma í að fegra sig í þeirri von að ná sér í ríkan eiginmann eða kannski ná að giftast eiginmanni af erlendum uppruna. Til dæmis þá er skóli fyrir stúlkur í Peking sem heitir „The Moral Education School“ (德育女学馆). Þar er stúlkum kennt hvernig þær eiga að hegða sér almennilega, hvernig þær eiga að farða sig og hvernig þær eiga að hafa samskipti við ríka menn. Margar stúlkur sem vilja finna sér ríkan eiginmann fara í þetta nám og finnst það mjög gagnlegt. Þetta er alls ekki ódýr skóli en 10 til 30 kennslustundir kosta 20-30.000 Yuan (元) sem er á milli 400.000 og 600.000 kr. (He 2011)

Það er vinsælt orðatiltæki í Kína sem segir: „Hjónaband er starfsferill. Gott hjónaband er besti starfsferill konu“. Hefðbundna hugmyndin um gott hjónaband þýðir ríkur eiginmaður. Þar sem það er minna af konum en körlum í Kína þá geta þær yfirleitt að einhverju leyti valið sér maka en það er mikil samkeppni um ríkustu mennina. (He 2011)

Aukin menntun og heilbrigðisþjónusta kvenna hafa bætt lífslíkur þeirra og gert þær færari um að taka þátt í samfélaginu en áður. Vaxandi tekjur kvenna hafa leitt til sprenginga í tískuiðnaðinum sem kemur til móts við óskir kvenna um að vera aðlaðandi. (Bossen 2008, 344)

3.2 Þátttaka kínverskra kvenna á vinnumarkaðnum

Árið 1949 störfuðu aðeins 7% kvenna á vinnumarkaðnum. Árið 1992 var talan komin upp í 38%. Framlag kvenna til tekna heimilisins fór úr 20% í 40% frá 1960-2000. Árið 1982 voru kínverskar konur á vinnumarkaðnum 43% af heildaríbúafjöldanum, sem er hærri tala en í Bandaríkjunum (35,3%) og í Japan (36%). (Wikipedia: The Free Encyclopedia 2012, Women in the People's Republic of China)

Ráðstefnur um konur haldnar af Sameinuðu þjóðunum hafa hvatt kínversku ríkisstjórnina til að beina athygli sinni á nýjan leik að aðstæðum kvenna. Í nýlegri skýrslu frá framleiðanda ákveðins fyrirtækis, kemur fram að hann ráði frekar konur en karla til starfa. Þetta bendir til þess að menn eru sums staðar taldir vera verri starfsmenn heldur en konur. Frá 1982 til 2000 hækkaði hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum, skrifstofustörfum og ýmsum öðrum störfum. Hlutfall karla og kvenna er orðið hér um bil jafnt í sérfræði- og tæknistörfum, sem og í verslun og búskap. En samt sem áður voru konur á sumum þéttbýlissvæðum aðeins 42% starfsmanna í sérfræði- og tæknistörfum og hlutfallið var jafnast í heilbrigðisgeiranum. Ennfremur þá áætla „The UN Development Report“ að launatekjur kvenna séu aðeins 64% af launatekjum karla. (Bossen 2008, 342-344)

Með tímanum urðu konur mikilvægur hluti af starfsmönnum í iðnaði á þéttbýlissvæðum. Þátttaka kvenna í iðnaði kom hins vegar ekki á jafnrétti kynjanna. Karlar fengu áfram hærri tekjur og einokuðu stjórnunarstöður. Konur, sem og karlar, geta ráðstafað tíma sínum betur og fá fleiri tækifæri til að vinna sjálfstætt og afla tekna í gegnum ýmiss störf. Ungar konur flytjast búferlum í leit að vinnu í þéttbýli. Sumar konur leggja mikið á sig til að fá vinnu og ráfa um stræti borga í von um að verða boðin

einhver atvinna. Þessar ungu konur eru auðveld bráð fyrir þá sem vilja kaupa þær sem brúðir eða vændiskonur. (Bossen 2008, 337-338)

Giftar konur í dreifbýli hafa minna frelsi til að flytja sig um set. Búskapur er orðinn „kvenlægur“ í þeim skilningi að konur vinna víðast hvar flest störf í landbúnaði. Takmörkuð dvalarréttindi hafa hvatt sumar konur úr sveitum til að giftast „upp fyrir sig“, þ.e. mönnum í borgum eða erlendum mönnum. (Bossen 2008, 338)

Vændi er stórt vandamál í Kína og hefur verið það lengi. Stuttu eftir að Kommúnistaflokkurinn tók völd árið 1949 hóf kínverska ríkisstjórnin herferð gegn vændi. Vændi er orðið meira áberandi í þéttbýli og dreifbýlli eftir að kínversk stjórnvöld slökuðu á eftirliti sínu í byrjun 9.áratugar síðustu aldar. Þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda þá hefur vændi nú þróast að því marki í Kína að hægt er að kalla það iðnað. Mikið af fólki hefur vændi að atvinnu og eru miklir peningar í spili. (Wikipedia: The Free Encyclopedia 2012, Prostitution in the People's Republic of China)

Ennfremur er hægt að tengja vændi í Kína við ýmis vandamál, s.s. við skipulagða glæpastarfssemi, spillingu ríkisstjórnarinnar og kynsjúkdóma. Vændisstarfssemin í Kína er mjög fjölskrúðug og einkennist af mismunandi „gæðum“ og verðlagi. Vændiskonurnar sjálfar koma alls staðar að og hafa mismunandi félagslegan bakgrunn. Það eru aðallega konur sem stunda vændi í Kína þó að á seinustu árum hafi fleiri karlmenn bæst í hópinn. Vettvangur vændis er yfirleitt hótél, karaóke-barir og snyrti- og nuddstofur. (Wikipedia: The Free Encyclopedia 2012, Prostitution in the People's Republic of China)

Þó að opinberlega sé vændi ólöglegt í Kína þá áætla sérfræðingar að á milli 1,7 og 6 milljónir kvenna stundi þar vændi. Samkvæmt ríkisreknum fjölmiðlum þá eru ein af hverjum fimm nuddstofum í Kína einnig hóruhús og er talan hærri í borgunum. Í desember 2008 tilkynnti fréttastofan Xinhua (新华通讯社) að samkvæmt heilbrigðis-skrifstofu sveitarfélagsins í Peking (Beijing's municipal health bureau) þá notuðu aðeins 47% af 90.000 vændiskonunum í Peking smokka. Kynsjúkdómar breiðast því auðveldlega út. Ríkisstjórn Alþýðuveldisins Kína veit hins vegar ekki hvernig hún á að fara með mál vændiskvenna, þar sem sumar eru meðhöndlaðar sem glæpamenn en aðrar einungis sakaðar um að hegða sér illa. (U.S. Department of State 2009)

3.3 Þátttaka kínverskra kvenna í stjórnámálum

Hér áður fyrr var þátttaka kvenna í stjórnámálum í Kína mun minni en í flestum Vesturlöndum og er hún það að einhverju leyti ennþá. Þátttaka kvenna í stjórnámálum í Kína hefur þó breyst til batnaðar. Hlutfall kvenna á þingi í Kína er t.d. hærra en í Bandaríkjunum. Fáar kínverskar konur gegna þó mikilvægum stjórnmalastöðum. Þær eru oft einskorðaðar við áhrifaminni stöður, t.d. sem einbeita sér að konum, heilsu og menntun. Stjórnmal í Kína eru enn gegnsýrð af karlaveldi. (Bossen 2008, 349)

Kommúnistaflokkurinn setti sér þá stefnu að leyfa konum að taka meiri þátt í stjórnámálum. Flokkurinn gerði það að hluta til með markvissum áætlunum þar sem settur var kvóti eða markmið fyrir lágmarks þátttöku kvenna í pólitískum stofnunum. Einnig stofnaði flokkurinn „The All-China Women’s Federation“ sem er stofnun sem hefur umsjón með hagsmunum kvenna. (Bossen 2008, 345-346) Gagnrýnendur hafa haldið því fram að þær stjórnmalastöður sem konur eru skipaðar í séu að mestu valdalausar og að Kínverjar leyfi einungis konum að taka þátt í stjórnámálum, svo þeir líti betur út í augum annara þjóða. Ég tel þetta að einhverju leyti vera rétt. Af því sem ég hef sjálf séð í Kína þá eiga kínverskir karlmenn oft erfitt með að treysta kínverskum konum og oft konum almennt.

Kína er stjórnað af Kommúnistaflokknum og alþýðuþinginu (The National People’s Congress). Æðsta stofnunin innan flokksins er stjórnmalaráðið (The Politburo of the CCP) sem samanstendur af níu manna hópi, fastanefnd alþýðuþingsins (The Standing Committee), stærri hópi af fullgildum aðilum og öðrum hópi af varamönnum. Síðan Kommúnistaflokkurinn var stofnaður hafa aðeins þrjár konur starfað sem fullgildir meðlimir stjórnmalaráðsins, en engin þeirra var í fastanefnd alþýðuþingsins. Aðeins tvær konur hafa starfað sem varamenn stjórnmalaráðsins. Aðild kvenna í miðstjórn kínverska Kommúnistaflokksins (Chinese Communist Party Central Committee), á milli árána 1956 og 1992, var að meðaltali 12% en minnkaði svo niður í 8% árið 2002. (Bossen 2008, 346)

Þegar maður skoðar neðri stig uppbyggingar kínverskra stjórnála þá er þátttaka kvenna sem borgarstjórar, bæjarstjórar, sýslumenn og landshöfðingjar í kringum 4 til 6%, þar sem engar konur eru í æðstu stöðunum. Þetta bendir til mikillar tregðu til að setja konur í valdastöður. Konur í kínverskum stjórnámálum eru oftast meira áberandi á áhrifaminni svæðum. Á dreifbýlissvæðum Kína eru konur sjaldan í stjórnmalastöðum. Fyrir utan að konur geti verið forstöðumenn í nefnd sem sér um málefni kvenna

(director of women's affairs), þá eru karlmenn yfirmenn í nánast öllum öðrum nefndum. (Bossen 2008, 347)

Á þéttbýlissvæðum Kína hafa alþjóðlegar kröfur haft mikil áhrif á konur og hafa þær hvatt konur til að endurvekja sjálfstæða femínista hreyfingu innan Kína. Byrjað er að kanna betur stöðu kvenna í Kína og bera hana saman við önnur Asíulönd og við Vesturlöndin. Vaxandi fjöldi kínverskra kvenna hefur fengið háskólamenntun erlendis og hefur snúið aftur heim með nýjar skoðanir á femínisma og mannréttindum. (Bossen 2008, 348)

Hlutfall kvenna á þingi í Kína árið 2010 var 21,3% sem er óvenju hátt ef miðað er við t.d. Bandaríkin þar sem 16,8% kvenna voru á þingi. Til samanburðar þá er hlutfall kvenna á þingi í Búlgaríu 20,8% og á Bretlandi 22,3%. Hlutfall kvenna á Íslandi á þingi árið 2010 var 39,7% sem er frekar hátt miðað við margar aðrar þjóðir. Þar nálægt er hlutfall kvenna á þingi í Svíþjóð 44,7% og á Spáni 36%. (IPU 2011) Einhverjar kínverskar konur hafa náð nokkuð mikilvægum stöðum eins og t.d. Wu Yi (吴仪) sem var ein af fjórum varaforsetisráðherrum Ríkisráðs (State Council) Kína frá 2003 til 2008 og var þar af í efstu stöðu þessara fjögurra frá 2007 til 2008. Hún sá þá um efnahag landsins. Hún var einnig heilbrigðisráðherra frá 2003 til 2005. Hún er þekkt sem „járnkonan“ („the iron lady“) og er hún ein af sterkustu samningamönnum Kína. (China Vitae: Biography of Wu Yi 2012; Wikipedia: The Free Encyclopedia 2012, Wu Yi)

Liu Liying (刘丽英) starfar einnig sem vararitari (deputy secretary) í framkvæmdastjórn deildar kínversku ríkisstjórnarinnar sem sér um aga og eftirlit. (CPC Central Commission for Discipline Inspection). Liu hefur einnig tekið þátt í „The All-China Women's Federation“. (China Vitae: Biography of Liu Liying 2012) Að auki er Fu Ying (傅莹) varautanríkisráðherra. (Ministry of Foreign Affairs of the People's Republic of China 2005) Fyrir utan þessi dæmi og örfá önnur, þá ná kínverskar konur nánast aldrei mikilvægustu stjórnmalastöðunum í Kína.

4. Kínverskar konur í dag og réttindi þeirra

4.1 Réttindi kínverskra kvenna

Réttindi kvenna í Kína hafa ávallt verið nokkuð frábrugðin þeim sem við eigum að venjast hér á Vesturlöndunum. Sum réttindi kínverskra kvenna, eins og t.d. réttur til barnaeigna er mun minni en á Vesturlöndum. Kínverskar konur hafa þó fengið aukin formleg réttindi síðan Kommúnistaflokkurinn komst til valda, eins og má sjá með hjónabandslögnum frá árinu 1950. (Bossen 2008, 333)

Hjónaskilnaðir voru fyrst leyfðir í Kína þegar hjónabandslögin voru sett á. Fyrir þann tíma voru hjónaskilnaðir nánast óhugsandi. Lögin mættu mikilli andstöðu, sérstaklega af hálfu karlmanna. Skilnaðartíðni í Kína er núna um 20% og hefur hún tuttugu faldast á síðustu 25 árum. Á árinu 2010 skildu 1,96 milljón pör sem var 14,5% aukning frá árinu 2009. (Patience 2011) Meginástæður hjónaskilnaða eru einbirtis-stefnan, framhjáhöld, vinnuálag og einnig einföldun skilnaðarferilsins frá árinu 2003. Hjónaskilnaðir verða algengari þegar konan er komin í hærri stöður, þá virðast karlmennirnir verða óánægðir því það er innbyggt í þá að vera höfuð fjölskyldunnar. (Zang 2008, 306-307)

Á þéttbýlissvæðum Kína hafa umbætur haft mikil áhrif á konur. Atvinnuveitendur voru áður líklegri til að reka kvenkyns starfsmenn og ráða frekar karlmenn í lausar stöður. Hins vegar benda skýrslur til þess að „ofdekrúðu“ einkasynirnir sem fæddust á níunda áratug síðustu aldar séu slæmir starfsmenn. (Bossen 2008, 342)

Þó að stjórnarskráin frá árinu 1982 og lög sem vernda réttindi kvenna (Women's Right Protection Law) frá árinu 1992 skuldbindi sig til að vernda konur, þá halda sumir því fram að þessi lög ýti undir kynjamisrétti. Lögin krefjast þess t.d. að konur hætti störfum fimm árum á undan körlum og eins eru ákvæði í lögnum sem banna konum að gegna ákveðnum störfum á meðan þær eru á blæðingum, á meðgöngu, eftir fæðingu og meðan þær eru með börn á brjósti. (Bossen 2008, 342)

Mikilvægt er að kínverskar konur sem búa við sjálfstæði á vinnumarkaði, í hjónaböndum og lifa við kynlífsfrelsi, hljóti lögverndun gegn endurvakningu á þeim þvinguðu aðgerðum sem tíðkuðust áður fyrr. Í dreifbýli þurfa konur einnig vernd gegn ofbeldi, brottnámi, skipulögðum hjónaböndum og nauðungarvinnu. Þær þurfa einnig vernd á eignaréttum sínum í tilfelli skilnaða. Bætt samskiptakerfi og betri menntun gera

konum kleift að upplýsa aðra þegar réttindi þeirra eru brotin og þar með hjálpa þeim að öðlast meiri lagaleg réttindi. (Bossen 2008, 349)

Lagaleg réttindi kvenna í dreifbýli eru samt sem áður bág. Sumir yfirmenn smáþorpa sem sjá um löggæslu hunsa lög sem ættu að vernda konur. Aukin velmegun í tengslum við efnahagslegar umbætur, betri aðgang að vörutegundum og hjónaskilnaði, hefur gert það að verkum að endurvakning virðist sjást í viðskiptum með hjónabönd. Þessi viðskipti fela t.d. í sér „brúðargjald“ (bridewealth) og heimanmund (dowry). Með brúðargjaldi er átt við að fjölskylda brúðgumans greiðir fjölskyldu brúðarinnar ákveðna upphæð. Slík viðskipti höfðu verið bæld niður en hafa stigmagnast síðastliðinn áratug. Krafa um brúðargjald gerir það erfitt fyrir fátæka menn að kvænast. (Bossen 2008, 341)

4.2 Kínverskar konur í dag

Aðstæður kínverskra kvenna hafa vissulega skánað talsvert og hafa þær nú meira um hlutina að segja en áður. Ýmislegt bendir til þess að þær muni láta mikið til sín taka í framtíðinni.

Konur eru nú frelsaðar frá því að vera efnahagslega háðar feðrum sínum og eignumönnum en taka samt oftast tillit til þeirra ráða. Gamla áherslan hvað varðar að hlýða feðrum sínum og hollustu við fjölskylduna hamlar þróuninni í áttina að einstaklingshyggju að einhverju leyti. (Zang 2008, 316)

Það er ótrúlegt hvað efnahagsumbætur yfir nokkra áratugi geta valdið miklum breytingum. Fyrir rúmum tvö þúsund árum setti Konfúsíus fram þá hugmynd sem setur fjölskylduna efst á forgangslistann. Það að hlýða föður sínum, bera virðingu fyrir honum og að hugsa síðan um foreldra sína í ellinni hélst meira og minna ósnert í hundruði ára. En nú er forgangsröðin að breytast og unga fólkinu í Kína hættir til að gleyma að þessi sprenging í efnahaginum er að mestu dugnaði eldra fólksins á árum áður að þakka. (Zang 2008, 299-300)

Eftir langa baráttu eru konur í auknum mæli farnar að beita annars konar leiðum í átt að félagslegu- og efnahagslegu velgengi. Val þeirra hefur komið vestrænum konum á óvart vegna þess hvernig óöryggi þeirra endurspeglar óöryggi vestrænna kvenna, þar sem þær taka þátt í leit að fegurð og merkjavörum. Allar borgir Kína eru nú með stórar verslunarmiðstöðvar sem innihalda alþjóðlegar verslanir, skyndibitastaði og ný fyrirtæki. Konur finna þrýsting hvað varðar að fegra sig og bæta heimili sín. (Bossen 2008, 345)

Margir myndu halda því fram að kínverskar konur gangi heldur langt þegar kemur að útlitinu en þær konur sem eiga pening, eyða miklu í fegurðina. Lýtaaðgerðir eru orðnar algengar á augum og nefi og aðferðir til að hvítta húðina eru vinsælar. (LaFraniere 2011)

Rómantík er einnig að koma sterklega inn í Kína. Fyrir langa löngu voru hjónabönd yfirleitt ákveðin af foreldrum einstaklinga og lítið pláss fyrir rómantík. Á sinn hátt er Kína að bæta það upp núna þar sem rómantík er alls ráðandi og konurnar elska það. (Zang 2008, 304)

Mikil kynlífssumræða er að vakna í Kína en áður fyrr var kynlíf mikið feimnismál. Áfengisdrykkja og reykingar hafa einnig aukist og virðist unga fólkið stundum vilja vera jafn „laust og liðugt“ og íbúar Vesturlandanna. (Zang 2008, 311)

Ef við metum hlutverk kvenna í þróun Kína frá alþjóðlegu sjónarhorni þá er ástæða til að vera bjartsýnn. Aðgerðir til að bæta menntun og heilbrigðiskerfi hafa bætt lífslíkur kvenna og veitt þeim meiri færni til að taka þátt í samfélaginu heldur en áður. Konur hafa haldið stöðu sinni í markaðsefnahagi umbótatímans og unnið sér inn nokkuð efnahagslegt sjálfstæði. (Bossen 2008, 349-350)

Kínverskar konur þurfa að horfa fram á töluverða baráttu, ef þær ætla að ávinna sér efnahagslegt og pólitískt jafnrétti. Nú þegar stór hluti kvenna er menntaður og ekki jafn íþyngdur af barnsburðum, þá eru konur betur í stakk búnar að skipuleggja sig og leggja fram sínar kröfur. Í þessu sambandi hafa konur áhuga á þróun lýðræðislegra stofnana og áhrifaríkara réttarkerfis sem virðir réttindi allra íbúa þess. (Bossen 2008, 350)

Lokaorð

Rannsóknarspurningin sem sett var fram í byrjun ritgerðarinnar var sú að aðstæður kvenna hafi lagast mikið frá tíma keisaraveldanna. Ég er viss um að staðreyndirnar hér á undan hafi með góðum árangri sýnt fram á það.

Þegar á botninn er hvolft þá eru aðstæður kínverskra kvenna auðvitað mun betri nú en áður fyrr. Hinar skelfilegu fótareyningar hafa verið afnumdar, ekki er lengur farið með konur eins og þræla, þernur eða varning, konur mega nú kjósa, eru ekki jafn íþyngdar af barnsburðum, ekki er jafn mikið af stúlkubörnum borin út, konur fá nú inngöngu í skóla, taka meiri þátt á vinnumarkaðnum og í stjórnámálum og láta almennt meira í sér heyra.

Kínverskar konur eru nú í valdamikilli stöðu þegar kemur að makavali því þær eru talsvert færri en karlmennirnir. Þessi staða á það til að gera þær kröfuharðar og frekar og finnst mér þær eiga það til að misnota vald sitt. Þær þurfa aðeins að passa sig á þessu. Þegar ég var í Kína frá árinu 2009 til 2010 þá átti einn af íslensku vinum mínum kínverska kærustu. Hún var mjög frek við hann og var ég mjög hneyksluð á því hvernig hún hagaði sér stundum. Einnig þekki ég einn af fyrrverandi kínversku kennurum Helga, kærasta míns, sem kenndi um sinn hér á Íslandi. Hann þurfti að fá leyfi frá konunni sinni til að kaupa sér súkkulaðistykki í Bónus!

Mér finnst að Kínverjar eigi ennþá langt í land með að koma á jafnrétti kynjanna eins og mörg önnur lönd, ef ekki flest. Mér finnst að það mætti endilega „endurvekja“ fyrri áherslur um jafnrétti. Mér finnst kínverska ríkisstjórnin hafa slakað á í þessum málum og sé að einbeita sér heldur mikið að einbirnisstefnunni, að framfylgja henni og refsa fyrir brot laga hennar. Að mínu mati þá brjóta sum refsilögin á mannréttindum og fara almennt illa með konur. Ég held að ef kínverskir karlmenn ætli ekki að stefna að meira kynjajafnrétti þá þurfi konurnar að standa upp og berjast harðar fyrir rétti sínum.

Hvað framtíð kínverskra kvenna ber í skauti sér er erfitt að segja. Margt bendir til þess að kínverskar konur muni láta mikið til sín taka í framtíðinni og með meiri umbótum ættu þær með tímanum að komast nær og nær meira jafnrétti á öllum sviðum.

Heimildaskrá

- All Girls Allowed. 2010. „Statistics About One-Child Policy in China“. 6.apríl 2012.
<<http://www.allgirlsallowed.org/category/topics/one-child-policy-china>>
- Banister, Bloom og Rosenberg. Mars 2010. *Population Aging and Economic Growth in China*. Program on the Global Demography of Aging. 6.apríl 2012.
<https://docs.google.com/viewer?a=v&q=cache:hJsyMHQPyAUJ:www.hsph.harvard.edu/pgda/WorkingPapers/2010/PGDA_WP_53.pdf+china+elder+population&hl=en&pid=bl&srcid=ADGEESjkbAQgHA3XpFusa-b4jHz90owgQS8nSdSBg1p_Qk5NCz9gy87TJ1ZLi6O7piM_7vjJJ9uIGylg4rfhQHRC4i4t1640Dd5aDwgj73hqGBTV7hXIRSZAZeJvw00mkIcNGWhsAxi6&sig=AHIEtbTrto4KmJh1ezWo59pqYn4T1nIZHQ>
- BBC NEWS. 12.janúar 2007. „Chinese facing shortage of wives“. 10.apríl 2012.
<<http://news.bbc.co.uk/2/hi/asia-pacific/6254763.stm>>
- Beijing Made Easy. 2012. „Concubines of Ancient China“. 3.apríl 2012.
<<http://www.beijingmadeeasy.com/beijing-history/concubines-of-ancient-china>>
- Bossen, Lauren. 2008. Women and Development. 11.kafli í *Understanding Contemporary China*. Ritstj. Robert E. Gamer. 3.útgáfa. Boulder, Colo: Lynne Rienner Publishers.
- Chandler, Clay. 4.október 2004. „Little Emperors“. CNN Money. 6.apríl 2012.
<http://money.cnn.com/magazines/fortune/fortune_archive/2004/10/04/8186784/index.htm>
- China Daily. 24.júní 2010. „Second child deserves hukou“. 6.maí 2012.
<http://www.chinadaily.com.cn/opinion/2010-06/24/content_10011966.htm>
- China.org. 22.mars 2003. „China Bans Sex-selection Abortion“. 10.apríl 2012.
<<http://www.china.org.cn/english/2003/Mar/59194.htm>>
- China Vitae: Biography of Liu Liying. 2012. „Liu Liying“. 10.apríl 2012.
<http://www.chinavitae.com/biography/Liu_Liying%7C510>
- China Vitae: Biography of Wu Yi. 2012. „Wu Yi“. 6.maí 2012.
<<http://www.chinavitae.com/biography/33>>
- Dehoff, Elizabeth. 2012 „Foot Binding“. About.com. 3.apríl 2012.
<http://shoes.about.com/od/footwear/qt/foot_binding.htm>
- gb times. 29.apríl 2011. „Fjöldgun aldraðra veldur skorti á vinnuafli“. 6.apríl 2012.
<<http://is.radio86.com/frettir/fjoldgun-aldradra-veldur-skorti-vinnuafli>>
- Geir Sigurðsson. 21.ágúst 2006. „Hvernig var líf kvenna í Kína á árunum 1000 f.Kr. til 200 f.Kr.?“. Vísindavefurinn. 6.febrúar 2012.
<<http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=6137>>

- Goodenough, Patrick. 22.október 2010. „The Reality of China’s One-Child Policy: A Forced Abortion at Eight Months“. CNS News. 6.mái 2012.
<<http://cnsnews.com/news/article/reality-china-s-one-child-policy-forced-abortion-eight-months>>
- Hansen, Valerie. 2000. *The Open Empire: A History of China to 1600*. New York: W.W. Norton & Company.
- He, Dongxia. 26.júlí 2011. „School for how to snag a rich husband in China“. China Hush. 3.apríl 2012. <<http://www.chinahush.com/2011/07/26/school-for-how-to-snag-a-rich-husband-in-china/>>
- IPU. 31.desember 2011. „Women in national parliaments“. 10.apríl 2012.
<<http://www.ipu.org/wmn-e/classif.htm>>
- Íslenska Alfræðiorðabókin (A-G). 1992. Ritstj. Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir. 2.útgáfa. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- LaFraniere, Sharon. 23.apríl 2011. „For May Chinese, New Wealth and a Fresh Face“. The New York Times. 10.apríl 2012.
<<http://www.nytimes.com/2011/04/24/world/asia/24beijing.html?pagewanted=all>>
- Ministry of Foreign Affairs of the People’s Republic of China. 2005. „Fu Ying, Vice Minister of Foreign Affairs“. 10.apríl 2012.
<http://www.fmprc.gov.cn/eng/wjb/zygy/gysl/FuYing_eng>
- Nation Master. 2012. „Education Statistics > Literacy > female (most recent) by country“. 10.apríl 2012.
<http://www.nationmaster.com/graph/edu_lit_fem-education-literacy-female>
- Patience, Martin. 2.nóvember 2011. „’Love Post’ tackles China’s rising divorce rate“. BBC NEWS. 10.apríl 2012.<<http://www.bbc.co.uk/news/world-asia-pacific-15536464>>
- Rong, Ma. 2008. Population Growth and Urbanization. 8.kafli í *Understanding Contemporary China*. Ritstj. Robert E. Gamer. 3.útgáfa. Boulder, Colo: Lynne Rienner Publishers.
- Spence, Jonathan D. 1999. *The Search for Modern China*. 2.útgáfa. New York: W.W. Norton & Company.
- U.S. Department of State. 25.febrúar 2009. „2008 Human Rights Report: China (includes Tibet, Hong Kong, and Macau)“. 6.apríl 2012.
<<http://www.state.gov/j/drl/rls/hrrpt/2008/eap/119037.htm>>
- Walsh, John. 7.mars 2007. „Women’s Status in Medieval China“. suite101. 29.mars 2012. <<http://john-walsh.suite101.com/womens-status-in-medieval-china-a15612>>

- Wang, Feng. Mars 2005. „Can China afford to Continue Its One-Child Policy?“. Asia Pacific. Ritsj. Elisa W. Johnston. East-West Center: Hawaii. 6.mai 2012.
<<http://www.eastwestcenter.org/fileadmin/stored/pdfs/api077.pdf>>
- Wang, Guanqun. 28.apríl 2011. „Chinese mainland gender ratios most balanced since 1950s: census data“. Xinhua News. 10.apríl 2012.
<http://news.xinhuanet.com/english2010/china/2011-04/28/c_13850191.htm>
- Watson, Rubie. 1994. „Girls' Houses and Working Women: Expressive Culture in the Pearl River Delta, 1900-1941“. *Women and Chinese Patriarchy Submission, Servitude, and Escape*. Ritsj. Maria Jaschok og Suzanne Miers. London: Zed Books.
- WHO. 2012. „Suicide rates per 100,000 by country, year and sex (Table)“. 6.mai 2012.
<http://www.who.int/mental_health/prevention/suicide_rates/en>
- Wikipedia: The Free Encyclopedia. 3.apríl 2012. „Biographies of Exemplary Women“. 6.mai 2012. <http://en.wikipedia.org/wiki/Lienü_zhuan>
- Wikipedia: The Free Encyclopedia. 3.mai 2012. „Demographics of China“. 4.mai 2012.
<http://en.wikipedia.org/wiki/Demographics_of_China>
- Wikipedia: The Free Encyclopedia. 31.mars 2012. „Feðraveldi“. 6.apríl 2012.
<<http://is.wikipedia.org/wiki/Feðraveldi>>
- Wikipedia: The Free Encyclopedia. 5.mai 2012. „Foot binding“. 6.mai 2012.
<http://en.wikipedia.org/wiki/Foot_binding>
- Wikipedia: The Free Encyclopedia. 14.apríl 2012. „Prostitution in the People's Republic of China“. 22.apríl 2012.
<http://en.wikipedia.org/wiki/Prostitution_in_the_People's_Republic_of_China>
- Wikipedia: The Free Encyclopedia. 29.mars 2012. „Women in ancient China“. 6.apríl 2012. <http://en.wikipedia.org/wiki/Women_in_ancient_China>
- Wikipedia: The Free Encyclopedia. 18.apríl 2012. „Women in the People's Republic of China“. 4.mai 2012.
<http://en.wikipedia.org/wiki/Women_in_the_People's_Republic_of_China>
(Chen, Chao C., K.C. Yu og J.B. Miner. “Motivation to Manage – A Study of Women in Chinese-State-Owned Enterprises. *Sage Journal*. 2012. 4.mai 2012.)
- Wikipedia: The Free Encyclopedia. 28.apríl 2012. „Wu Yi“. 4.mai 2012.
<http://en.wikipedia.org/wiki/Wu_Yi>
- World Factbook, The. 2012. „Country Comparison: Infant Mortality Rate“. 10.apríl 2012. <<https://www.cia.gov/library/publications/the-world-factbook/rankorder/2091rank.html>>

- Zang, Xiaowei. 2008. Family, Kinship, Marriage, and Sexuality. 10.kafli í *Understanding Contemporary China*. Ritstj. Robert E. Gamer. 3.útgáfa. Boulder, Colo: Lynne Rienner Publishers.
- Zhang, Guoqing. 2006. *Food, Population and Employment in China*. Beijing: Foreign Languages Press.
- Zheng, Xiaolei. 2010. *Of Mothers and Daughters*. Framleitt af Michel Noll fyrir Solférino Images.